



Borgarholtsskóli  
bókmennt • handmennt • siðmennt

# Skýrsla um innra mat í Borgarholtsskóla skólaárið 2012 - 2013

## Efnisyfirlit

Inngangur að skýrslu um innra mat Borgarholtsskóla 2012-2013 .....	3
1. Viðhorfskannanir .....	4
a) Yngri nemar, nóvember 2012.....	4
b) Eldri nemar, nóvember 2012.....	5
Samanburður á völdum þáttum milli yngri og eldri nemenda, nóvember 2012.....	6
2. Starfsmannakönnun, mars 2013 .....	6
3. Áfangakannanir í nóvember 2012 .....	8
4. Umbótastarf .....	10

# Inngangur að skýrslu um innra mat Borgarholtsskóla 2012-2013

## Markmið sjálfsmats Borgarholtsskóla

Sjálfsmati skólans er ætlað að ná til helstu þátta skólastarfsins; kennslu, stjórnunar og samskipta innan skólans, þ.m.t. stoðþjónustu. Sjálfsmatið er unnið í nánnum tengslum við skólanámskrá og stefnuskrá skólans. Niðurstöður matsins eru jafnharðan leiðbeinandi um umbætur í skólastarfinu og samskipti og samstarf starfsmanna skólans, nemenda og annarra sem skólastarfseminna varðar.

## Verkáætlun 2013-2016

Ný áætlun um innra mat í Borgarholtsskóla er gerð í samræmi við fyrirmæli laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Hér segir:

*Mat og eftirlit með gæðum.*

40. gr.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

41. gr

*Innra mat.*

*Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.*

*Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.*

Ný verkáætlun byggir að einhverju leyti á framhaldi sjálfsmats frá 2010-2013. Allar rafrænar kannanir eru áfram unnar í samstarfi við Upplýsingatæknisetrið STEFNU ehf. á Akureyri. Áætlunin nær til fjögurra ára frá haustönn 2013 til og vors 2016.

## Þátttakendur í innra mati

Yfirumsjón sjálfsmats Borgarholtsskólans er í höndum skólameistara, aðstoðarskólameistara og verkefnastjóra gæðamála. Þeir gera áætlanir um viðhald sjálfsmats skólans, samþykkja gögn og

verkefni, bera ábyrgð á úrvinnslu og skýrslugerð. Þeir sjá sömuleiðis um að umbætur komi til framkvæmda. Kennslustjórar hafa umsjón með þáttum sem varða viðkomandi námsbrautir.

Starfandi er rýnihópur sem er til halds og trausts varðandi framkvæmd einstakra þátta matsins, s.s. við úrvinnslu og efni í skýrslu, og gerir hann tillögur um umbótaáætlanir. Í rýnihópnum eru: skólameistari / aðstoðarskólameistari / áfangastjórar, verkefnastjóri gæðamála, einn kennslustjóri og einn kennari. Gæta ber að hafa jafnt kynjahlutfall og eðlilega dreifingu milli bóknáms, verknáms / listnáms eða annars náms.

## **Eftirfarandi kannanir voru gerðar skólaárið 2012-2013:**

### **1. Viðhorfskannanir:**

Á haustönn voru gerðar kannanir á viðhorfi til skólastarfsins og veru í skólanum meðal eldri og yngri nemenda. Yngri nemendur eru nýnemar hverju sinni og eldri nemendur þeir sem eru á 3. og 4. ári og þar með 18 ára eða eldri.

#### **a) Yngri nemar, október 2012**

149 nýnemar eða 62% nýnema svöruðu viðhorfskönnun um ýmsa þætti skólastarfsins. Í fyrra svöruðu 203 nemendur (78%) sambærilegri viðhorfskönnun. Nemendur dreifðust hlutfallslega á eftirfarandi hátt milli brauta skólans: Bóknámsbrautir (38%), lista- og fjölmiðlasvið (11%), málm- og véltækisvið (1%), bíliðngreinar (13%), verslunarbraut / félagsliðabraut (5%) og almenn námsbraut 1 og 2 (32%).

### **Niðurstöður**

#### **Mjög jákvætt viðhorf:**

Nemendur eru mjög sammála og sammála eftirfarandi fullyrðingum:

- Langflestir (98% nú en 94% í fyrra) eru **ánægðir með skólann** og vel flestum (94% nú en 91% í fyrra) **líður vel í skólanum**.
- Langflestum (98% nú en 94% í fyrra) finnst mikilvægt **að standa sig vel í náminu**.
- Langflestum (96% nú en 82% í fyrra) finnst skólinn **leggja áherslu á góðan námsárangur**.
- 91% nú (en 86% í fyrra) finnst **félagsandinn** í skólanum góður.

### **Umhugsunarefni:**

- **9%** (10% í fyrra) verða vör við einelti í skólanum og **3%** (7% í fyrra) telja sig verða fyrir einelti í skólanum
- **15%** finnst reykingar við skólann ekki óviðeigandi (18% í fyrra)
- **15%** hafa nýlega hugsað um að hætta í skólanum (25% í fyrra)

- **18%** finna fyrir óskilgreindum kvíða (30% í fyrra)
- **24%** nemenda finnst vinna þeirra með námi bitna á námsárangri (23% í fyrra)

## **b) Eldri nemar, október 2012**

149 nemendur eða 63% (18 ára eða eldri) svöruðu viðhorfskönnun um ýmsa þætti skólstarfsins. Í fyrra svöruðu 134 eldri nemendur (67%) sambærilegri viðhorfskönnun.

Nemendur dreifðust hlutfallslega á eftirfarandi hátt milli brauta skólans: 41% eru á stúdentsprófsbrautum, - 12% á lista og fjölmiðlasviði, - 6% á málm- og véltækisviði, - 19% í bíliðngreinum og 22% á verslunar- og félagsliðabraut.

### **Jákvætt viðhorf:**

- 84% nemenda eru ánægð með skólann (82% í fyrra)
- 77% nemenda telja kennara vera sanngjarna og jákvæða (74% í fyrra)
- 84% nemenda finnst þrif í skólanum vera til fyrirmyndar (87% í fyrra)
- 82% nemenda líður vel í skólanum (81% í fyrra)
- 96% nemenda finnst mikilvægt að standa sig vel í náminu (94% í fyrra)

### **Umhugsunarefni:**

- **5%** (10% í fyrra) verða vör við einelti í skólanum og **3%** (3% í fyrra) telja sig verða fyrir einelti í skólanum
- 23% hafa nýlega hugsað um að hætta í skólanum (18% í fyrra)
- 26% nemenda eru kvíðin (30% í fyrra)
- 37% nemenda hafa áhyggjur vegna fjármála (43% í fyrra)
- 27% nemenda telja að vinna bitna á námi þeirra (26% í fyrra)

### **Umbætur:**

Miðað við almennt ástand í samfélaginu eru skiljanlega margir nemendur kvíðnir og með fjárhagsáhyggjur. Þessar tilfinningar eru ekki bundnar einstökum vinnustöðum eða skólum heldur einkenna samfélagið almennt. Lítillega hefur dregið úr þessum tveimur þáttum milli ára.

Eins og fyrr býður skólinn fram aðstoð til að draga úr kvíða, styðja nemendur í námi og forða brottfalli. Þetta má helst nefna:

- Nemendur af erlendum uppruna fá sérstakan stuðning. Stuðningskennari tekur þá í aukatíma í íslensku. Námsefni hefur verið lagað að þörfum þessara nema. Þeim sem höllustum fæti standa hefur verið vísað í sérstaka íslenskuáfangi í FÁ og Tækniskólanum.

- Öllum nemendum eru boðnar stoðtímar í stærðfræði, einu sinni í viku. Vissir stærðfræðiáfangar hafa verið lagaðir að þörfum einstakra námsbrauta. Hjá verknámsnemum hefur algebru verið skipt út úr vissum áföngum fyrir aðrar áherslur í stærðfræði.
- Sérstakt námskeið fyrir þá sem vilja standa vel að undirbúningi fyrir lokapróf er haldið.
- Önnur verkefni sem hafa þann tilgang að styðja við fjölbreyttar þarfir nemenda eru þessi: námskeið í námstækni, hópráðgjöf gegn kvíða og þunglyndi, námsáfangi fyrir félagslega einangraða og dyslexíuáfangi.
- Vel er haldið um nýnema m.a. með vikulegum fundum nemenda og umsjónarkennara. Umsjón með eldri nemum er takmarkaðri en er í frekari mótun. Unnið er að stöðugum umbótum umsjónarkerfis skólans.

## 2. Starfsmannakönnun, mars 2013

Svarhlutfall: 70%. 110 bauðst að svara, 78 svöruðu.

Framkvæmd 15.-23. maí 2013

Kyn: 40 karlar og 34 konur.

### Niðurstöður

#### Líðan og samstarf

- 94% segja að starf þeirra skipti máli fyrir skólann í heild (90% í fyrra)
- 88% gengur vel að vinna með næstu samstarfsmönnum (80% í fyrra)
- 67% líður vel í vinnu (77% í fyrra)
- 59% starfsmanna segist reyna að efla félagsandann í skólanum (70% í fyrra)
- 48% starfsmanna finnst hann fá hvatningu og hrós frá samstarfsmönnum sínum (53% í fyrra)
- 26% starfsmanna finnst þeir fá hvatningu og stuðning til að sækja sér aukna þekkingu (25% í fyrra)
- 16% starfsmanna finnst vera til skýrar reglur um meðferð frávika í málefnum starfsmanna (29% í fyrra)
- 33% starfsmanna verða vör við einelti meðal starfsmanna skólans (28% í fyrra)
- 29% starfsmanna eru sammála því að skólinn leitist við að leysa eineltismál sem upp koma (22% í fyrra)

#### Vinnuaðstaðan og vinnustaðurinn

- 71% starfsmanna vilja auka samstarf milli ólíkra starfssviða skólans (74% í fyrra)
- 52% líta á skólann sem framtíðarstarfsvettvang (78% í fyrra)
- 54% eru ánægð með vinnuaðstöðu í skólanum (56% í fyrra)
- 42% finnst búnaðurinn sem nýtist í starfi vera fullnægjandi (49% í fyrra)

## Stjórnendur

- 46% segja að verkaskipting milli kennara og stjórnenda sé skýr (49% í fyrra)
- 31% aðspurðra eru ánægð með stefnu skólans (46% í fyrra)
- 36% finnst stjórnendur gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir og stefnu skólans. (46% í fyrra)
- 39% finnst stjórnendur sýna áhuga á því sem starfsmenn gera (40% í fyrra)
- 43% telja að stjórnendur leysi vandamál innan hóflegs tíma (35% í fyrra)
- 52% svarenda finnst skólameistarar leggja áherslu á árangur af skólastarfinu (53% í fyrra)
- 29% eru ánægð með stjórnun skólans (38% í fyrra)

## Starfsmenn um nemendur

- 52% starfsmanna telja að nemendur beri virðingu fyrir skólanum (53% í fyrra)
- 37% finnst vinnuagi og reglusemi til fyrirmyndar (42% í fyrra)

## Helstu niðurstöður starfsmannakönnunar

Svarhlutfall í starfsmannakönnuninni nú er hærra en í fyrra, fer úr 60% í 70%.

Breytingar eru til bóta í mörgum atriðum milli ára. Langflestir sem svara telja að starf þeirra skipti máli fyrir skólann í heild og þeim gengur vel að vinna með næstu samstarfsmönnum.

Umhugsunarvert er að það dregur úr vellíðan starfsfólks og þeim fækkar sem finnst vera til skýrar reglur um meðferð frávíka í málefnum starfsmanna. Þeim fækkar sem líta á skólann sem framtíðarstarfsvettvang.

Á milli ára fækkar þeim sem lýsa ánægju sinni með stefnu og stjórnun skólans. Fleiri telja nú en í fyrra að stjórnendur leysi vandamál innan hóflegs tíma.

## 3. Áfangakannanir í desember 2012

Á þriggja ára tímabili er lagt mat á flesta áfanga og eru kennarar metnir af nemendum þeirra. Í þetta skipti voru 51 áfangar og 28 kennarar teknir út í desember 2012. Eftir að niðurstöður úr matinu lágu fyrir fékk viðkomandi kennari þær í umslagi til yfirlstrar og í desember ræddu kennarar niðurstöðurnar við skólameistara. Niðurstöður áfangakannana eru trúnaðarmál kennarans og stjórnenda en ef um vandamál er að ræða sem grípa þarf inn í kemur það til kasta skólameistara að leita leiða til úrlausna með viðkomandi kennara ef tilefni er til.

## 4. Mat á innri þjónustu

### Mat nemenda

- 72% yngri nemenda finnst mötuneytið í skólanum gott (62% í fyrra)
- 43% eldri nemenda finnst mötuneytið gott (27% í fyrra)
- 45% eldri nemenda finnst þjónusta skrifstofunnar góð (45% í fyrra)
- 72% yngri nemenda finnst þjónusta skrifstofunnar góð (54% í fyrra)
- 75% eldri nemenda eru ánægð með viðmót starfsfólks á skrifstofu (9% í fyrra)
- 45% yngri nemenda eru ánægð með viðmót starfsfólks á skrifstofu, (50% í fyrra)

Innri þjónusta skólans fær í flestum tilfellum betri dóma hjá nemendum nú en í fyrra.

## 5. Umbótastarf

Umbótastarf í Borgarholtsskóla heldur áfram. Við skólann starfa ýmsir hópar og nefndir sem vinna að umbótum í samræmi við stefnu skólans.

- Ný stefnuskrá Borgarholtsskóla var samþykkt í byrjun árs 2012.
- Ný jafnréttisáætlun var unnin og samþykkt á síðasta ári.
- Starfsmannastefna var uppfærð í upphafi árs 2012.
- Gæðaráð skólans vinnur jafnt og þétt að gæðamálum skólans; gæðahandbók er í smíðum.
- Öryggisnefnd er að störfum og vann á síðasta ári áhættumat fyrir skólann.
- Umhverfi skólans hefur verið bætt, m.a. hafa göngustígar verið lagaðir og í haust voru tekin í notkun reiðhjólstæði fyrir nemendur og starfsfólk.
- Búnaður skólans hefur verið bættur, 35 fartölvur kennara voru endurnýjaðar umfram áætlun. 6 nýjar tölvur voru settar upp á bókasafni. Skrifborðsstólar á bókasafni voru endurnýjaðir.
- Vinnuaðstaða í málmi og bílum hefur verið bætt til muna, t.d. kaffistofa og vinnuaðstaða kennara.
- Samvinna á milli listnáms og verknáms er í skoðun og í bóknámi er fyrirhugaður lokaáfangi, með áherslu á nýsköpun, sem er þverfaglegur.
- Stofnaður hefur verið endurmenntunarsjóður starfsmanna sem starfsmenn hafa verið hvattir til að nýta sér.
- Starfsmannaferð var farin til Berlínar vorið 2013 til endurmenntunar og eflingar starfsanda.
- Ferli eineltismála hefur verið endurskoðað og kynnt starfsmönnum og nemendum.
- Skólinn hefur tekið þátt í verkefninu Heilsueflandi skóli, hlaut gull í fyrra fyrir hreyfingu. Þetta skólaár er áhersla á andlega líðan, t.d. var haldinn fyrirlestur um þunglyndi og kvíða á Degi geðræktar sem vakti mikla athygli nemenda og starfsmanna.
- Umsjónarkerfi skólans er í stöðugri endurskoðun sem og áherslur ráðgjafar til handa nemendum. Áherslan er á að bæta andlega líðan nemenda og draga úr brotthvarfi.

Mikil vinna er um þessar mundir lögð í innleiðingu laga um framhaldsskóla; nýjum áfangalýsingum og nýjum námsbrautum fjölga stöðugt. Nýir kennsluhættir eru teknir upp og námsframboð er fjölbreyttara.